

Leiðrétting á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/394/EB frá 29. apríl 2004 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna asetónítríls, akrýlamíðs, akrýlnítríls, akrýlsýru, bútaðiens, vetnisflúoríðs, vetnisperoxíðs, metakrýlsýru, metýlmetakrýlats, tólúens og tríklórbensens

(Stjtið. ESB L 144 frá 30. apríl 2004)

Tilmæli 2004/394/EB verði svohljóðandi:

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES14/22

frá 29. apríl 2004

um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna asetónítríls, akrýlamíðs, akrýlnítríls, akrýlsýru, bútaðiens, vetnisflúoríðs, vetnisperoxíðs, metakrýlsýru, metýlmetakrýlats, tólúens og tríklórbensens (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 1446)

(2004/394/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 hafa eftirfarandi efni verið tilgreind sem forgangsefni með tilliti til mats í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1179/94 frá 25. maí 1994 varðandi fyrstu skrána yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93⁽²⁾ en þar eru einnig tilnefnd eftirfarandi skýrslugjafaraðildarríki fyrir þessi efni:

— asetónítríl, skýrslugjafaraðildarríki: Spánn,

— akrýlamíð, skýrslugjafaraðildarríki: Breska konungsríkið,

— akrýlnítríl, skýrslugjafaraðildarríki: Írland,

— akrýlsýra, skýrslugjafaraðildarríki: Þýskaland,

— bútaðiens, skýrslugjafaraðildarríki: Breska konungsríkið,

— vetnisflúoríð, skýrslugjafaraðildarríki: Holland,

— metakrýlsýra, skýrslugjafaraðildarríki: Þýskaland,

— metýlmetakrýlat, skýrslugjafaraðildarríki: Þýskaland.

2) Með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 hafa eftirfarandi efni verið tilgreind sem forgangsefni við mat í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2268/95 frá 28. september 1995 varðandi aðra skrá yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93⁽³⁾ en þar eru einnig tilnefnd eftirfarandi skýrslugjafaraðildarríki fyrir þessi efni:

— vetnisperoxíð, skýrslugjafaraðildarríki: Finnland,

— tólúen, skýrslugjafaraðildarríki: Danmörk,

— tríklórbensen, skýrslugjafaraðildarríki: Danmörk.

3) Skýrslugjafaraðildarríkin hafa lokið öllum þáttum áhættumatsins, sem snúa að mönnum og umhverfi að því er varðar þessi efni, og hafa gert tillögu að áætlun um að takmarka áhættuna í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 frá 28. júní 1994 um meginreglur um mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af skráðum efnum í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93⁽⁴⁾.

4) Haft var samráð við vísindanefndina um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið (CSTEE) og hefur hún skilað álitum um áhættumatið sem skýrslugjafaraðildarríkin unnu.

5) Niðurstöður áhættumatsins eru settar fram í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 28.7.2005, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 131, 26.5.1994, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 231, 28.9.1995, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 161, 29.6.1994, bls. 3.

- 6) Á grundvelli þeirra ráðstafana, sem skýrslugjafi mælir með, skulu aðildarríkin og hlutaðeigandi atvinnugeiri, eftir því sem við á, taka mið af því áhættumati, sem samþykkt hefur verið, og hrinda viðeigandi tilmælum í framkvæmd til að tryggja, fyrir sérhvert efni sem hefur verið áhættumetið, að höfð verði stjórn á þeirri áhættu sem heilbrigði manna og umhverfið stafar af því. Framkvæmdastjórnin hefur einnig gert skrá yfir þær lagaráðstafanir Bandalagsins sem ber að veita forgang.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessum tilmælum, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

1. Í öllum atvinnugreinum, sem flytja inn, framleiða, flytja, geyma, setja í efnablöndur eða vinna á annan hátt, nota, farga eða endurheimta eftirfarandi efni:

1. asetónitríl,
2. CAS-nr. 75-05-8
3. EINECS-nr. 200-835-2
4. akrýlamið,
5. CAS-nr. 79-06-1
6. EINECS-nr. 201-173-7
7. akrýlnitríl,
8. CAS-nr. 107-13-1
9. EINECS-nr. 203-466-5
10. akrýlsýru,
11. CAS-nr. 79-10-7
12. EINECS-nr. 201-177-9
13. bútaðien,
14. CAS-nr. 106-99-0
15. EINECS-nr. 203-450-8
16. vetnisflúoríð,
17. CAS-nr. 7664-39-3
18. EINECS-nr. 231-634-8
19. vetnisperoxíð,

20. CAS-nr. 7722-84-1
21. EINECS-nr. 231-765-0
22. metakrýlsýru,
23. CAS-nr. 79-41-4
24. EINECS-nr. 201-204-4
25. metýlmetakrýlat,
26. CAS-nr. 80-62-6
27. EINECS-nr. 201-297-1
28. tólúen,
29. CAS-nr. 108-88-3
30. EINECS-nr. 203-625-9
31. triklórbensen,
32. CAS-nr. 120-82-1
33. EINECS-nr. 204-428-0,

skal taka mið af niðurstöðum áhættumats, sem eru settar fram undir „Áhættumat“ í 1. til 11. hluta viðaukans, fyrir sérhvert efnanna sem hér hafa verið nefnd.

2. Framkvæmda skal áætlanir til að takmarka áhættu sem eru settar fram undir „Áætlanir til að takmarka áhættu“ í 1. til 11. hluta viðaukans við þessi tilmæli. Í þeim tilvikum, þar sem ekki er búist við neinni áhættu, skal nota upplýsingarnar til að tryggja að gildandi ráðstöfunum, sem miða að því að draga úr áhættu, sé viðhaldið.

Þessum tilmælum er beint til allra atvinnugreina, sem flytja inn, framleiða, flytja, geyma, setja í efnablöndur eða vinna á annan hátt, nota, farga eða endurheimta eftirfarandi efni, og til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Margot WALLSTRÖM
framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

1. HLUTI

CAS-nr. 75-05-8

EINECS-nr. 200-835-2

Byggingarformúla: $\text{CH}_3\text{-C}\equiv\text{N}$

EINECS-heiti: asetónítríl

IUPAC-heiti: asetónítríl

Skýrslugjafi: Spánn

Flokkun ⁽¹⁾: F: R11

Xn: R20/21/22

Xi: R36

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat á efninu sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni. Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem milliefni við smíði iðnefna, lyfja og varnarefna og í framleiðslu á ljósmyndafilmum. Efnið er einnig notað sem leysir í ýmsum útdráttarferlum og á rannsóknarstofum til greiningar eða fræðilegra rannsókna. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um notkun alls þess magns efnisins sem er framleitt eða flutt inn í Evrópubandalagið og því kann að vera að áhættumatið taki ekki til allrar notkunar efnisins.

Áhættumatið leiddi í ljós að menn og umhverfi geta orðið fyrir váhrifum vegna annarra upptaka efnisins sem eru einkum þau að efnið myndast við bruna lífmassa og er í útblásturslofti bifreiða en tengjast ekki vistferli þess efnis sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn til þess. Mat á þeirri áhættu, sem stafar af þessum váhrifum, er ekki hluti af þessu áhættumati. Í heildarskýrslum um áhættumat, sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni, er hins vegar að finna upplýsingar um þessa áhættu.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

— hugsanleg eiturrhif sem ná til alls líkamans, í kjölfar váhrifa í gegnum húð sem stafa af notkun efnisins sem leysis og sem milliefnis.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á NEYTENDUR OG AÐRA MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

— að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

⁽¹⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB frá 6. ágúst 2001 um tuttugustu og áttundu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB L 225, 21.8.2001, bls. 1).

⁽²⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu iðefna (European Chemicals Bureau): <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar

ANDRÚMSLOFT,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar

VISTKERFI Í VATNI OG Á LANDI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á vistkerfi í vatni og á landi vegna váhrifa sem stafa af notkun efnisins í lyfjaiðnaði.

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHEREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á skólphreinsistöðvar vegna váhrifa sem stafa af notkun efnisins í lyfjaiðnaði.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Áhættumatið hefur leitt í ljós fleiri upptök asetónitrílslosunar (t.d. bruna jarðefnaeldsneytis). Þau falla utan gildissviðs reglugerðar ráðsins (EBE) 793/93 og eru ekki með í áætluninni um að draga úr áhættu.

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er talin nægja sem ramma til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að íhuguð verði endurskoðun á gildandi viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi sem voru samþykkt með stoð í tilskipun ráðsins 91/322/EBE ⁽¹⁾ til að gefa ábendingu um að váhrif í gegnum húð geti aukið heildarváhrif á starfsmenn,

að því er varðar UMHVERFI:

- að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna íhugi skráningu asetónitríls í skrána yfir forgangsefni í X. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽²⁾ (rammatilskipun um vatn) við næstu endurskoðun á þeim viðauka,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 177, 5.7.1991, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

- til að auðvelda leyfisveitingu samkvæmt tilskipun ráðsins 96/61/EB⁽¹⁾ (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun), að þetta efni verði hluti af þeirri vinnu sem nú fer fram við samningu leiðbeininga um bestu fánlegu tækni (BAT). Mælt er með því að aðildarríkin fylgist vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni við leyfisveingar og greini framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan rammans um miðlun upplýsinga um bestu fánlegu tækni,
- að staðbundin losun í umhverfið verði takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

2. HLUTI

CAS-nr. 79-06-1

EINECS-nr. 201-173-7

Byggingarformúla:	$\text{CH}_2 = \text{CH}-\text{CONH}_2$
EINECS-heiti:	akrýlamið
IUPAC-heiti:	2-propenamíð
Skýrslugjafi:	Breska konungsríkið
Flokkun ⁽²⁾ :	2. fl. krabbameinsvalda: H45 2. fl. stökkbreytivalda: H46 2. fl. æxlunarskaðvalda: H62 T: H25 T: H48/23/24/25 Xn: H20/21 Xi: H36/38 H43

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið⁽³⁾.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem milliefni í efnaiðnaði til að framleiða pólýakrýlamið. Efnið er einnig notað í pólýakrýlamiðhlaup, sem er lagað á notkunarstað, og í fúgu- og glufufylla. Pólýakrýlamið er aðallega notað í skólphreinsun, vinnslu á pappír- og pappírseigi og vinnslu jarðefna en í minna mæli sem aukefni í snyrtivörum og sem jarðvegsgæring. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um notkun alls þess magns efnisins sem er framleitt eða flutt inn í Evrópubandalagið og því kann að vera að áhættumatið taki ekki til allrar notkunar efnisins.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg stökkbreytandi og krabbameinsvaldandi áhrif vegna váhrifa sem stafa af framleiðslu efnisins, notkun þess sem milliefnis í efnaiðnaði til framleiðslu á pólýakrýlamiði, notkun pólýakrýlamiðs, notkun pólýakrýlamiðhlaups við rafdrátt og notkun á fúgu- og glufufyllum sem eru að stofni til úr akrýlamiði (notkun í stórum og smáum stíl).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26.

⁽²⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB frá 6. ágúst 2001 um tuttugustu og áttundu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB L 225, 21.8.2001, bls. 1).

⁽³⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

- hugsanleg taugaeiturhrif og skaðleg áhrif á æxlun vegna váhrifa sem stafa af notkun í stórum og smáum stíl á fúgu- og glufufyllum sem eru að stofni til úr akrýlamíði.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

NEYTENDUR,

- er sú að ekki er unnt að útiloka áhættu, hver sem váhrifn eru, þar eð efnið hefur verið tilgreint sem krabbameinsvaldandi án viðmiðunarmarka. Kanna skal hvort fyrirbyggjandi eftirlit sé fullnægjandi og hvort sérstakar viðbótarráðstafanir séu hagkvæmar og hafi tilskilið notagildi. Áhættumatið gefur þó til kynna að áhættan sé nú þegar lítil. Taka ber þetta til greina þegar kanna skal hvort fyrirbyggjandi eftirlit sé fullnægjandi og hvort sérstakar viðbótarráðstafanir séu hagkvæmar og hafi tilskilið notagildi.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg taugaeiturhrif, skaðleg áhrif á æxlun og stökkbreytandi og krabbameinsvaldandi áhrif vegna váhrifa sem stafa af notkun í stórum stíl á fúgu- og glufufyllum, sem eru að stofni til úr akrýlamíði, í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

Til viðbótar framangreindri niðurstöðu er ekki er unnt að útiloka áhættu sem stafar af frekari notkun efnisins þar eð efnið hefur verið tilgreint sem krabbameinsvaldandi án viðmiðunarmarka. Kanna skal hvort fyrirbyggjandi eftirlit sé fullnægjandi og hvort sérstakar viðbótarráðstafanir séu hagkvæmar og hafi tilskilið notagildi. Áhættumatið gefur þó til kynna að áhættan sé nú þegar lítil. Taka ber þetta til greina þegar kanna skal hvort fyrirbyggjandi eftirlit sé fullnægjandi og hvort sérstakar viðbótarráðstafanir séu hagkvæmar og hafi tilskilið notagildi.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar

VISTKERFI Í VATNI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir þessari niðurstöðu er:

- áhyggjur af vistkerfi vatns vegna váhrifa, sem stafa af notkun á fúgu- og glufufyllum, sem eru að stofni til úr akrýlamíði, í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, og vegna óbeinna váhrifa á aðrar lífverur með vatni sem hefur mengast við sömu notkun.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ANDRÚMSLOFT,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VISTKERFI Á LANDI,

er sú að þörf er á frekari upplýsingum og/eða prófunum. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- áhyggjur af notkun á fúgu- og glufufyllum, sem eru að stofni til úr akrýlamíði, í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Gerðar eru kröfur um eftirfarandi upplýsingar og/eða prófanir:

- upplýsingar sem gefa nákvæmara umhverfisáhættumat.

Þörfin fyrir þessar upplýsingar var endurmetin með hliðsjón af áætluninni um að draga úr áhættu og þeirra er ekki lengur krafist (sjá II. lið í áætluninni um að draga úr áhættu).

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HEILBRIGÐI MANNA OG UMHVERFI:

er mælt með því:

- að skoðað verði á vettvangi Bandalagsins hvort setja skuli takmarkanir í tilskipun ráðsins 76/769/EBE ⁽¹⁾ á markaðssetningu og notkun á akrýlamíði ⁽²⁾ í fúgu- og glufufylla í stórum og smáum stíl,
- að frekari vinna fari fram, ef þörf krefur, til að ákvarða hvort réttlæta megi undanþágur,
- að fyrirhugaðar takmarkanir á markaðssetningu og notkun verði með þeim hætti að þær útiloki þörfina á frekari upplýsingum sem gefa nákvæmara umhverfisáhættumat.

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildi hér.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að á vettvangi Bandalagsins verði sett viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem gildi fyrir akrýlamíð.

Að því er varðar NEYTENDUR:

- Talið er að gildandi ráðstafanir í lögum um neytendavernd, einkum ákvæði með stöð í tilskipun 76/769/EBE (tilskipun um markaðssetningu og notkun), að því er varðar efni sem eru krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi og efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun, og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB (almennt vörubryggi) ⁽³⁾, að því er varðar vörur, séu fullnægjandi til að bregðast við þeirri áhættu sem hefur komið í ljós.

3. HLUTI

CAS-nr. 107-13-1

EINECS-nr. 203-466-5

Byggingarformúla:	$\text{CH}_2 = \text{CH} - \text{C} \equiv \text{N}$
EINECS-heiti:	akrýlnítríl
IUPAC-heiti:	2-propenenítríl
Skýrslugjafi:	Írland
Flokkun ⁽⁴⁾ :	F: H11 2. fl. krabbameinsvalda: H45 T: H23/24/25 Xi: H37/38 H41 H43 N: R51/53

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

⁽²⁾ Fúgu- og glufufyllar, sem eru að stofni til úr N-metýlólakrýlamíði, geta einnig verið uppspretta óbundins akrýlamíðs við fúgu- og glufufyllingu og því þarf að skoða áhættuna af því íðefni.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

⁽⁴⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/32/EB frá 19. maí 2000 um tuttugustu og sjöttu aðlögun á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB L 136, 8.6.2000, bls. 1).

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið ⁽¹⁾.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem einliða við framleiðslu á fjölliða efnum, einkum akrýltrefjum og módakrýltrefjum, akrýlnítrílbútadíenstýren-plasti og stýrenakrýlnítríll-plasti. Efnið er einnig notað sem einliða í smíði nýrra, fjölliða efna og framleiðslu akrýlamiðs, adipónítríls, fituamína og fitualkóhóla.

Áhættumatið leiddi í ljós að menn og umhverfi geta orðið fyrir váhrifum vegna annarra upptaka efnisins sem tengjast ekki vistferli þess efnis sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn til þess og er þar einkum um að ræða myndun efnisins við bruna jarðefnaeldsneytis. Mat á þeirri áhættu, sem stafar af þessum váhrifum, er ekki hluti af þessu áhættumati. Í heildarskýrslu um áhættumat, sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni, er hins vegar að finna upplýsingar sem geta nýst við mat á þessari áhættu.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg eiturhrif, sem ná til alls líkamans, og krabbameinsvaldandi áhrif í kjölfar váhrifa sem stafa af framleiðslu og vinnslu efnisins.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á NEYTENDUR OG AÐRA MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að þörf er á sértækum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að ekki er hægt að útloka áhættu í öllum sviðsmyndum af váhrifum þar eð efnið er sem stendur álitíð krabbameinsvaldandi án viðmiðunarmarka. Kanna skal hvort fyrirliggjandi eftirlit sé fullnægjandi og hvort sérstakar viðbótarráðstafanir séu hagkvæmar og hafi tilskilið notagildi. Áhættumatið gefur þó til kynna að áhættan sé nú þegar lítil. Taka ber þetta til greina þegar kanna skal hvort fyrirliggjandi eftirlit sé fullnægjandi og hvort sérstakar viðbótarráðstafanir séu hagkvæmar og hafi tilskilið notagildi.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar

VISTKERFI Í VATNI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á staðbundið vatnaumhverfi vegna váhrifa sem stafa af framleiðslu akrýltrefja á tilteknu athafnasvæði.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ANDRÚMSLOFT og VISTKERFI Á LANDI,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

⁽¹⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Áhættumatið hefur leitt í ljós fleiri upptök akrýlnítrílslosunar (t.d. bruna jarðefnaeldsneytis). Þau falla utan gildissviðs reglugerðar (EBE) 793/93 og eru ekki með í áætluninni um að draga úr áhættu.

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggefi um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að á vettvangi Bandalagsins verði sett viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem gildi fyrir akrýlnítríl,

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VÁHRIF Á NEYTENDUR OG AÐRA MENN GEGNUM UMHVERFIÐ:

- Talið er að gildandi ráðstafaðir í lögum um vernd neytenda og annarra, sem verða fyrir váhrifum gegnum umhverfið, einkum ákvæði með stoð í tilskipun 76/769/EBE (tilskipun um markaðssetningu og notkun), að því er varðar efni sem eru krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi og efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun, í tilskipun 2001/95/EC (almennt vörubætur), að því er varðar vörur, og í tilskipun 96/61/EB (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) séu fullnægjandi til að bregðast við þeirri áhættu sem hefur komið í ljós,

að því er varðar UMHVERFIÐ:

- til að auðvelda leyfisveitingu samkvæmt tilskipun 96/61/EB (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun), að þetta efni verði hluti af þeirri vinnu sem nú fer fram við samningu leiðbeininga um bestu fánlegu tækni. Mælt er með því að aðildarríkin fylgist vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni við leyfisveitingar og greini framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan rammans um miðlun upplýsinga um bestu fánlegu tækni,
- að staðbundin losun í umhverfið verði takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

4. HLUTI

CAS-nr. 79-10-7

EINECS-nr. 201-177-9

Byggingarformúla: $\text{CH}_2 = \text{CH}-\text{COOH}$

EINECS-heiti: akrýlsýra

IUPAC-heiti: 2-própensýra

Skýrslugjafi: Þýskaland

Flokkun ⁽¹⁾: C: H35

Xn: H20/21/22

H10

N: H50

⁽¹⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/32/EB frá 19. maí 2000 um tuttugustu og sjöttu aðlögun á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stj. 136, 8.6.2000, bls. 1).

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið ⁽¹⁾.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem milliefni til að framleiða pólýakrýlöt. Efnið er einnig notað í lím og kemur fyrir sem einliðuleif í lími, málningu, bindiefnum, prentlitum, dömubindum, nærbuxnainnleggjum og bleyjubuxum. Pólýakrýlöt eru einkum notuð sem meðhjálparefni í fosfatlausum þvottaefnum, í hnatfellingefnum (flocculating agents) og við hreinsun neysluvatns og skólps. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um notkun alls þess magns efnisins sem er framleitt eða flutt inn í Evrópubandalagið og því kann að vera að áhættumatið taki ekki til allrar notkunar efnisins.

Áhættumatið leiddi í ljós að menn og umhverfi geta orðið fyrir váhrifum vegna annarra upptaka efnisins, einkum við notkun á fúgu- og glufufyllum, sem eru að stofni til úr akrýlati, og við myndun þess sem niðurbrotsefnis við framleiðslu prentplátna og við fjarlægingu málningar með gasloga, sem tengist ekki vistferli þess efnis sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn til þess. Mat á þeirri áhættu sem stafar af þessum váhrifum er ekki hluti af þessu áhættumati.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg ertandi og ætandi áhrif í öndunarvegi í kjölfar váhrifa efnisins við innöndun í eitt skipti sem skapast við framleiðslu og vinnslu, framleiðslu líms, sem inniheldur efnið, og notkun líms sem inniheldur efnið,
- hugsanleg, staðbundin áhrif vegna endurtekinnna váhrifa við innöndun sem skapast við framleiðslu líms, sem inniheldur efnið, og við notkun líms sem inniheldur efnið,
- hugsanleg eiturrif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar endurtekinnna váhrifa við innöndun sem stafa af framleiðslu og notkun líms sem inniheldur efnið.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á NEYTENDUR OG AÐRA MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið að því er varðar

VISTKERFI Í VATNI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á staðbundið vistkerfi í vatni vegna váhrifa sem stafa af fjölliðun með blautvinnslu, þ.m.t. blautframleiðsla ofuriseygra fjölliðna og notkun fúgu- og glufufylla sem eru að stofni til úr akrýlati.

⁽¹⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ANDRÚMSLOFT og VISTKERFI Á LANDI,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnid hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að þörf er á frekari upplýsingum og/eða prófunum. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að þörf er á betri upplýsingum til að lýsa betur einkennum áhættu fyrir skólphreinsistöðvar vegna váhrifa sem stafa af notkun efnisins við fjölliðun með blautvinnslu, þ.m.t. framleiðsla ofurseygra fjölliðna.

Gerðar eru kröfur um eftirfarandi upplýsingar og/eða prófanir:

- Frekari gögn sem sýna hvort náttúrulegir bifdýrastofnar í skólpi verði fyrir áhrifum.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að á vettvangi Bandalagsins verði sett viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem gildi fyrir akrýlsýru,
- að atvinnurekendur, sem nota lím með akrýlsýru, taki mið af hagnýtum en ekki bindandi leiðbeiningum, sem framkvæmdastjórninni er ætlað að semja skv. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 98/24/EB⁽¹⁵⁾ (tilskipun um efnafræðilega áhrifavalda), og öllum leiðbeiningum á sérstökum sviðum sem eru samdar á landsvísu og byggjast á þessum leiðbeiningum.

Að því er varðar UMHVERFI:

Mælt er með því:

að því er varðar akrýlsýru sem losnar úr fúgu- og glufufyllum úr íðefnum:

- að innleitt verði samræmt, evrópskt prófunar- og matskerfi fyrir fúgu- og glufufylla úr íðefnum,
- að sett verði almenn skilyrði fyrir notkun fúgu- og glufufylla úr íðefnum á vettvangi Bandalagsins, þ.m.t. kröfur varðandi ítarlega þjálfun starfsfólks sem vinnur við áætlanagerð eða á vettvangi, en rétt þykir að staðbundin eftirlitsfyrirvöld kanni staðbundna þætti,
- að staðbundin losun í umhverfið verði takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

að því er varðar akrýlsýru sem er notuð í fjölliðun með blautvinnslu á athafnasvæðum eftirnotenda (vinnslugeta > 500 tonn á ári) og í framleiðslu ofurseygra fjölliðna:

- að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ihugi að setja akrýlsýru á forgangsskrána í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB (rammatilskipun um vatn) næst þegar þessi viðauki verður endurskoðaður og ihugi ráðstafanir á borð við samræmdar kröfur varðandi fyrirframleyfi fyrir fráveitu og losun í vatn fyrir mismunandi iðjuver,

(¹⁵) Stjótt. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

- til að auðvelda leyfisveitingu samkvæmt tilskipun 96/61/EB (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun), að þetta efni verði hluti af þeirri vinnu sem nú fer fram við samningu leiðbeininga um bestu fánlegu tækni. Mælt er með því að aðildarríkin fylgist vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni við leyfisveitingar og greini framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan rammans um miðlun upplýsinga um bestu fánlegu tækni,
- að staðbundin losun í umhverfið verði takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

5. HLUTI

CAS-nr. 106-99-0

EINECS-nr. 203-450-8

Byggingarformúla: $\text{CH}_2 = \text{CH} - \text{CH} = \text{CH}_2$

EINECS-heiti: bütadíen

IUPAC-heiti: 1,3-bütadíen

Skýrslugjafi: Breska konungsríkið

Flokkun ⁽¹⁾: F+: H12

1. fl. krabbameinsvalda: H45

2. fl. stökkbreytivalda: H46

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið ⁽²⁾.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem milliefni í fjölliðuiðnaðinum. Efnið 1,3-bütadíen er einkum notað í framleiðslu gervigúmmis á borð við stýrenbütadíen-gúmmí (SBR) og pólýbütadíen-gúmmí, hitaþæg resin, s.s. akrýlnítrílbütadíenstýren (ABS), og stýrenbütadíenlatex. Það er einnig notað sem milliefni í framleiðslu neóprens í gúmmivörur fyrir vélknúin ökutæki og iðnað, framleiðslu metýlmetakrýlatbütadíenstýren-fjölliðu (MBS), sem er notuð sem styrktarefni í pólývínýlklóríð (PVC), og til framleiðslu adipónítríls sem er forefni nælons. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um notkun alls þess magns efnisins sem er framleitt eða flutt inn í Evrópubandalagið og því kann að vera að áhættumatið taki ekki til allrar notkunar efnisins.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg stökkbreytandi og krabbameinsvaldandi áhrif vegna váhrifa sem stafa af framleiðslu efnisins og notkun þess sem milliefnis í fjölliðuiðnaðinum.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á NEYTENDUR OG AÐRA MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

að þörf er á aðgerðum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að ekki er hægt að útloka áhættu í öllum sviðsmyndum af váhrifum þar eð efnið hefur verið tilgreint sem krabbameinsvaldandi án viðmiðunarmarka. Kanna skal hvort fyrirliggjandi eftirlit sé fullnægjandi og hvort sérstakar viðbótarráðstafanir séu hagkvæmar og hafi tilskilið notagildi. Áhættumatið gefur þó til kynna að áhættan sé nú þegar lítil. Taka ber þetta til greina þegar kanna skal hvort fyrirliggjandi eftirlit sé fullnægjandi og hvort sérstakar viðbótarráðstafanir séu hagkvæmar og hafi tilskilið notagildi.

⁽¹⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB frá 6. ágúst 2001 um tuttugustu og áttundu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EBL 225, 21.8.2001, bls. 1).

⁽²⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar

ANDRÚMSLOFT og VISTKERFI Í VATNI og Á LANDI,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að á vettvangi Bandalagsins verði sett viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem gildi fyrir bútdien,

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VÁHRIF Á NEYTENDUR OG AÐRA MENN GEGNUM UMHVERFIÐ:

Talið er að gildandi ráðstafanir í lögum um vernd neytenda og annarra, sem verða fyrir váhrifum gegnum umhverfið, einkum ákvæði með stöð í tilskipun 76/769/EBE (tilskipun um markaðssetningu og notkun), að því er varðar efni sem eru krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi og efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun, í tilskipun 2001/95/EB (almennt vöruskyggingu), að því er varðar vörur, og í tilskipun 96/61/EB (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) séu fullnægjandi til að bregðast við þeirri áhættu sem hefur komið í ljós.

6. HLUTI

CAS-nr. 7664-39-3

EINECS-nr. 231-634-8

Byggingarformúla: HF
EINECS-heiti: flússýra, vatnsfrí flússýra
IUPAC-heiti: vetnisflúoríð
Skýrslugjafi: Holland
Flokkun ⁽¹⁾: T+:H26/27/28
C: H34

⁽¹⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/32/EB frá 19. maí 2000 um tuttugustu og sjöttu aðlögun á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjótið. EB L 136, 8.6.2000, bls. 1).

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið ⁽¹⁾.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem milliefni í efnaíðnaði til að smíða lífræn flúorsambönd og ólífræn flúoríð. Efnið er einnig notað til sýruböðunar á málmflötum, sem ætngarefni fyrir glerfleti og til yfirborðshreinsunar. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um notkun alls þess magns efnisins sem er framleitt eða flutt inn í Evrópubandalagið og því kann að vera að áhættumatið taki ekki til allrar notkunar efnisins.

Áhættumatið leiddi í ljós að menn og umhverfi geta orðið fyrir váhrifum vegna annarra upptaka efnisins, einkum vegna losunar vetnisflúoríðs frá járn-/stál- og áliðnaði, gler-, keramik- og múrsteinsíðnaði, orkuverum og efnafræðilegri framleiðslu fosfata, sem tengjast ekki vistferli þess efnis sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn til þess. Mat á þeirri áhættu, sem stafar af þessum váhrifum, er ekki hluti af þessu áhættumati. Áhættumatið, sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni, veitir hins vegar upplýsingar sem geta nýst við mat á þessari áhættu.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg ertandi og/eða ætandi áhrif á húð, augu og í öndunarvegi, háð styrk, vegna endurtekinna váhrifa frá loftkenndu vetnisflúoríði sem skapast við framleiðslu og notkun þess sem milliefnis í efnaíðnaði og við notkun efnisins í vatnslausn,
- hugsanleg eiturrhif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar endurtekinna váhrifa við innöndun sem stafa af notkun efnisins í vatnslausn,
- hugsanleg ertandi og/eða ætandi áhrif á húð, háð styrk, vegna váhrifa í eitt skipti frá fljótandi vetnisflúoríði sem stafa af notkun efnisins í vatnslausn,
- hugsanleg ertandi og/eða ætandi áhrif í öndunarvegi, háð styrk, vegna váhrifa í eitt skipti frá loftkenndu vetnisflúoríði sem skapast við framleiðslu og notkun þess sem milliefnis í efnaíðnaði og við notkun efnisins í vatnslausn.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

NEYTENDUR,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg ertandi og/eða ætandi áhrif á húð, háð styrk, vegna váhrifa í eitt skipti og vegna endurtekinna váhrifa frá fljótandi vetnisflúoríði sem stafa af notkun neytenda á efnaíðnaði sem innihalda efnið.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg eiturrhif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar endurtekinna váhrifa við innöndun í nágrenni framleiðslu- og vinnslustöðva efnisins.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið sýnir að ekki er búist við áhættu þó að vakin hafi verið athygli á hugsanlegri áhættu sem tengist ofsafenginni virkni efnisins óþynnts, þegar það kemst í snertingu við vatn, og hugsanlegri myndun vetnis við efnahvarf þynningarlausnar efnisins (með minna en 65% styrk) við málma.

⁽¹⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar:

VISTKERFI Í VATNI OG ANDRÚMSLOFT,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á staðbundið vatnaumhverfi og andrúmsloft vegna váhrifa sem stafa frá sumum stöðvum þar sem efnið er framleitt eða notað.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VISTKERFI Á LANDI,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar:

ÖRVERUR Í SKÓLPHREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að íhugað verði, á vettvangi Bandalagsins, að banna notkun vetnisflúoríðs til yfirborðshreinsunar í byggingum (þ.m.t. gölf) með því að skrá efnið í III. viðauka við tilskipun 98/24/EB (tilskipun um efnafræðilega áhrifavalda),
- að vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi endurskoði nýjar upplýsingar í áhættumatsskýrslunni og leggi fram tilmæli um hvort endurskoða þurfi gildandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi.

Að því er varðar NEYTENDUR:

Mælt er með því:

- að vetnisflúoríðblöndur, sem eru flokkaðar sem ætandi eða eittraðar, séu teknar af neytendamarkaði. Þessar vörur uppfylla ekki almennar öryggiskröfur í tilskipun 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru⁽¹⁾ og því bera að afturkalla þær án tafar. Aðildarríkin skulu halda úti virku og skilvirku eftirliti með markaðnum á yfirráðasvæðum sínum til að kanna hvort þar séu neytendavörur sem innihalda vetnisflúoríð, taka slíkar vörur af markaðnum sem óöruggar samkvæmt ákvæðum um skyldur varðandi öryggi framleiðsluvara í tilskipun 92/59/EBE (um öryggi framleiðsluvöru) og tilkynna þetta til framkvæmdastjórnarinnar með hraðviðvörðunarkerfinu sem stofnað var með tilskipun 92/59/EBE,

að því er varðar UMHVERFIÐ:

- til að auðvelda leyfisveitingu samkvæmt tilskipun 96/61/EB (samþætta mengunarvarmir og eftirlit með mengun), að þetta efni verði hluti af þeirri vinnu sem nú fer fram við samningu leiðbeininga um bestu fánlegu tækni. Mælt er með því að aðildarríkin fylgist vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni við leyfisveitingar og greini framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan rammans um miðlun upplýsinga um bestu fánlegu tækni,
- að staðbundin losun í umhverfið verði takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

⁽¹⁾ Fundargerð frá fundi 2. apríl 2003 hjá neyðarnefndinni sem komið var á fót með tilskipun 92/59/EBE (um öryggi framleiðsluvöru).

⁽²⁾ Stjtið. EB. L 228, 11.8.1992, bls. 24.

7. HLUTI

CAS-nr. 7722-84-1

EINECS-nr. 231-765-0

Byggingarformúla: H_2O_2

EINECS-heiti: vetnisperoxíð

IUPAC-heiti: vetnisperoxíð

Skýrslugjafi: Finnland

Flokkun ⁽¹⁾: O:R8

C: H35

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað til að bleikja pappírseig og við efnaframleiðslu. Efnið er einnig notað til að bleikja textílefni, til sótthreinsunar í matvinnsluiðnaði, til ætingar í rafeindaíðnaði, til málmhúðunar, niðurbrots prótína, tannhvítunar, hárlitunar og -aflitunar hjá fagmönnum, til að hreinsa drykkjarvatn og skólp, í fjölda neytendavara til hárlitunar og -aflitunar, í textílblaikivörur til heimilisnota, í hreinsiefni, til að sótthreinsa snertilinsur og í vörur til tannhvítunar.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg ertandi og/eða ætandi áhrif á húð, augu og í öndunarvegi, háð styrk, vegna váhrifa sem stafa frá lestun efnisins,
- hugsanleg ertandi og/eða ætandi áhrif á húð og augu, háð styrk, vegna váhrifa sem stafa frá textílblaikingu (lotuvinnsluaðferð), þökkun með smitgátaraðferð (gamlar tegundir ídýffingarvéla), notkun peredíksýru í bruggunarverksmiðjum, ætingu prentplatna (gömul vinnsluaðferð), málmhúðun og niðurbroti prótína,
- hugsanleg ertandi og/eða ætandi áhrif á augu, háð styrk, vegna váhrifa sem stafa frá vinnu við hárgreiðslu,
- hugsanleg, endurtekin eiturhrif eftir innöndun við lestun og þökkun með smitgátaraðferð (allar vélategundir), ætingu prentplatna (gömul vinnsluaðferð) og skólphreinsun.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

NEYTENDUR,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg ertandi áhrif á augu vegna váhrifa sem stafa frá hárlitun og -aflitun og hugsanleg ertandi/ætandi áhrif á augu við notkun textílblaikiefna og hreinsiefna, ef raunstyrkur vetnisperoxíðs er > 5%,
- hugsanleg, sértæk og skaðleg áhrif á tannkviku og tennur vegna váhrifa sem stafa frá tannhvítun hjá tannlækni með vetnisperoxíði sem er 35% að styrk.

⁽¹⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/325/EBE frá 1. mars 1991 um tólfu aðlögun á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættelegra efna (Stjtíð. EB L 180, 8.7.1991, bls. 1).

⁽²⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna (að því er varðar starfsmenn og neytendur). Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg brunahætta vegna leka sterkra (>25%) vetnisperoxíðlausna á eldfim efni.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar:

ANDRÚMSLOFT og VISTKERFI Á LANDI,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VISTKERFI Í VATNI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á vistkerfi í vatni vegna váhrifa sem stafa frá fjórum framleiðslustöðum og notkun efnisins í annarri efnaframleiðslu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar:

ÖRVERUR Í SKÓLPHEREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er að vænta áhættu er tengist framangreindum umhverfisþáttum. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi lögjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að atvinnurekendur endurskoði allt áhættumat, sem fram hefur farið samkvæmt tilskipun 98/24/EB (tilskipun um efnafræðilega áhrifavalda), og taki mið af upplýsingunum í áhættumatinu og áætluninni um að draga úr áhættu, að því er varðar vetnisperoxíð sem hefur verið framleitt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 739/93, og geri allar nauðsynlegar ráðstafanir,
- að atvinnurekendur, sem nota vetnisperoxíð á þann hátt sem tilgreint hefur verið í áhættumatinu að gefi tilefni til áhyggna (I. hluti), taki mið af hagnýtum en ekki bindandi leiðbeiningum, sem framkvæmdastjórninni er ætlað að semja skv. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 98/24/EB, og öllum leiðbeiningum á sérstökum sviðum sem eru samdar á landsvísu og byggjast á þessum leiðbeiningum.

Að því er varðar NEYTENDUR:

Mælt er með því:

- að íhugað verði, að því er varðar viðtekinn hámarksstyrk vetnisperoxíðs í vörum til tannlýsingar sem eru notaðar undir umsjón tannlæknis, hvort fastsetja skuli styrkmörk, sem eru allt að 6% vetnisperoxíðs, innan ramma tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB⁽¹⁾, að því tilskildu að á merkimiðanum séu áletruð viðeigandi notkunarskýrði ásamt viðvörðun,
- að samsetning textílleikiefna og hreinsiefna, sem innihalda $\geq 5\%$ vetnisperoxíðs, sé þannig að hún dragi úr hættu á ertandi eða ætandi áhrifum á augu (t.d. seigar sviflausnir eða krem). Í leiðbeiningunum skal vekja athygli á hættunni á ertandi eða ætandi áhrifum á augu og tilgreina hundraðshluta H_2O_2 í vörunni. Íhuga skal framangreind tilmæli fyrir hárlitunarvörur og háraflitunarvörur, þ.m.t. um hámark í hundraðshlutum, innan ramma löggjafar Bandalagsins um snyrtivörur,
- að kröfur um barnhæld öryggislok í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB (tilskipun um hættulegar efnablöndur) séu látnar ná yfir öll iðefni til heimilisnota sem börn kunna að komast í og innihalda vetnisperoxíð.

Að því er varðar UMHVERFI:

Mælt er með því:

- til að auðvelda leyfisveitingu samkvæmt tilskipun 96/61/EB (samþættar mengunarvarmir og efiirlit með mengun), að þetta efni verði hluti af þeirri vinnu sem nú fer fram við samningu leiðbeininga um bestu fánlegu tækni. Mælt er með því að aðildarríkin fylgist vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni við leyfisveitingar og greini framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan rammans um miðlun upplýsinga um bestu fánlegu tækni.

8. HLUTI

CAS-nr. 79-41-4

EINECS-nr. 201-204-4

Byggingarformúla: $CH_2 = C(CH_3) - COOH$

EINECS-heiti: metakrýlsýra (MAA)

IUPAC-heiti: 2-metýlprópensýra

Skýrslugjafi: Þýskaland

Flokkun⁽²⁾: C: H35

Xn: H21/22

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið⁽³⁾.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem innra (internal) og ytra (external) milliefni í efnaíðnaði til að framleiða metakrýlsýruestera og sem sameinliða í mismunandi fjölliðum. Efnið er einnig notað í lím og kemur fyrir sem einliðuleif í málningu og vörum til textílvinnslu. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um notkun alls þess magns efnisins sem er framleitt eða flutt inn í Evrópubandalagið og því kann að vera að áhættumatið taki ekki til allrar notkunar efnisins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238 25.9.2003, bls. 27.

⁽²⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB frá 6. ágúst 2001 um tuttugustu og áttundu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB L 225, 21.8.2001, bls. 1).

⁽³⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu iðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

Áhættumatið leiddi í ljós að menn og umhverfi geta orðið fyrir váhrifum vegna annarra upptaka efnisins, einkum við notkun á fúgu- og glufufyllum sem eru að stofni til úr metakrýli, sem tengjast ekki vistferli þess efnis sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn til þess. Mat á þeirri áhættu sem stafar af þessum váhrifum er ekki hluti af þessu áhættumati.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg ertandi áhrif í öndunarvegi í kjölfar váhrifa við innöndun í skamman tíma sem stafa frá framleiðslu, frekari vinnslu sem milliefnis í efnaiðnaði, framleiðslu líms á iðnaðarsvæði og notkun líms í iðnaði og hjá iðnaðarmönnum,
- hugsanleg staðbundin eiturrif í öndunarfarum í kjölfar endurtekinnna váhrifa við innöndun sem stafa af framleiðslu og notkun líms.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á NEYTENDUR OG AÐRA MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar:

VISTKERFI Í VATNI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á vistkerfi í vatni vegna váhrifa sem stafa af notkun á fúgu- og glufufyllum sem eru að stofni til úr akrýlati.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ANDRÚMSLOFT og VISTKERFI Á LANDI,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHEREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að á vettvangi Bandalagsins verði sett viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem gildi fyrir metakrýlsýru,
- að atvinnurekendur, sem nota lím með metakrýlsýru, taki mið af hagnýtum en ekki bindandi leiðbeiningum, sem framkvæmdastjórninni er ætlað að semja skv. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 98/24/EB (tilskipun um efnafræðilega áhrifavalda), og öllum leiðbeiningum á sérstökum sviðum sem eru samdar á landsvísu og byggjast á þessum leiðbeiningum.

Að því er varðar UMHVERFI:

Mælt er með því, að því er varðar metakrýlsýru sem losnar úr fúgu- og glufufyllum úr íðefnum:

- að innleitt verði samræmt, evrópskt prófunar- og matskerfi fyrir fúgu- og glufufylla úr íðefnum,
- að sett verði almenn skilyrði fyrir notkun fúgu- og glufufylla úr íðefnum á vettvangi Bandalagsins, þ.m.t. kröfur varðandi ítarlega þjálfun starfsfólks sem vinnur við áætlanagerð eða á vettvangi, en rétt þykir að staðbundin eftirlitsyfirvöld kanni staðbundna þætti,
- að staðbundin losun í umhverfið verði takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

9. HLUTI

CAS-nr. 80-62-6

EINECS-nr. 201-297-1

Byggingarformúla: $\text{CH}_2 = \text{C}(\text{CH}_3) - \text{COOCH}_3$

EINECS-heiti: metýlmetakrýlat,

IUPAC-heiti: 2-metýlprópensýrumetýlester

Skýrslugjafi: Þýskaland

Flokkun⁽¹⁾: F:H11

Xi:H37/38

H43

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í áhættumatinu sem skýrslugjafaraðildarríkið sendi framkvæmdastjórninni⁽⁴⁾.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem milliefni við framleiðslu á fjölliðum, samfjölliðum, lími, hvarfgjörnu resíni, við umestrun og í framleiðslu á steypum plötum. Efnið er einnig notað við framleiðslu á fleytifjölliðum (emulsion polymers), þeytuþjölliðum (dispersion polymers) og leysifjölliðum, akrýlfjölliðum sem henta í þynnur, sem innihaldsefni í hvarfgjörmu lími og ílagarresíni, gólfmalningu og gólfakki, afsteypuresíni sem er notað við tannlækningar og lækningar og efnið kemur fyrir sem einliðuleif í malningu og í öðrum fjölliðum sem eru notaðar í neysluvörur. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um notkun alls þess magns efnisins sem er framleitt eða flutt inn í Evrópubandalagið og því kann að vera að áhættumatið taki ekki til allrar notkunar efnisins.

⁽¹⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/32/EB frá 19. maí 2000 um tuttugustu og sjöttu aðlögun á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB L 136, 8.6.2000, bls. 1).

⁽²⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

Áhættumatið leiddi í ljós að menn og umhverfi geta orðið fyrir váhrifum vegna annarra upptaka efnisins, einkum við myndun þess sem niðurbrotsefnis við hitameðhöndlun pólýmetýlmetakrýlats (PMMA), sem tengjast ekki vistferli þess efnis sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn til þess. Mat á þeirri áhættu sem stafar af þessum váhrifum er ekki hluti af þessu áhættumati.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg ertandi og ætandi áhrif í öndunarvegi í kjölfar váhrifa efnisins við innöndun sem stafa frá framleiðslu á steypum plötum, framleiðslu á hvarfgjörnum resinum, framleiðslu og notkun á lími og framleiðslu á málningu, frá notkun í iðngreinum: gólfmálning og gólflokkun, notkun resinmóta í læknisfræðilegum tilgangi og á stoðtækjaverkstæðum, tannlæknastofum og læknastofum og til skreytingar,
- hugsanleg húðnæming vegna váhrifa í gegnum húð sem stafa frá framleiðslu metýlakrýlats og pólýmetýlmetakrýlats, umestrun, framleiðslu á steypum plötum, framleiðslu á lími og hvarfgjörnum resinum í efnaiðnaði, framleiðslu á lími, afsteypuresinum og efnum til gólfmálningar og gólflokkunar, framleiðslu á málningu og lakki, notkun líms í plast-, rafeinda- og gleriðnaði, notkun á lími og gólfmálningu og gólflokkum í iðngreinum, notkun resinmóta í læknisfræðilegum tilgangi og á stoðtækjaverkstæðum, rannsóknarstofum í tannlæknisfræði og læknastofum og við framleiðslu á linsum og til skreytingar,
- hugsanleg, staðbundin áhrif vegna endurtekinna váhrifa við innöndun sem stafa frá framleiðslu á steypum plötum, framleiðslu á hvarfgjörnum resinum, framleiðslu og notkun á lími, svo og framleiðslu á málningu, notkun resinmóta á stoðtækjaverkstæðum, rannsóknarstofum í tannlæknisfræði og á læknastofum,
- hugsanleg eiturhrif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar váhrifa við innöndun sem stafa frá framleiðslu á steypum plötum, framleiðslu á lími, framleiðslu á málningu og í iðngreinum: frá gólfmálningu og gólflokkun, frá notkun afsteypuresína á stoðtækjaverkstæðum og til skreytingar.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

NEYTENDUR,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VISTKERFI Í VATNI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á staðbundin vistkerfi í vatni vegna váhrifa sem stafa af fjölliðun með blautvinnslu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ANDRÚMSLOFT og VISTKERFI Á LANDI,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að á vettvangi Bandalagsins verði sett viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem gildi fyrir metýlkrýlat,
- að atvinnurekendur, sem nota metýlmetakrýlat á þann hátt sem tilgreint hefur verið í áhættumatinu að gefi tilefni til áhyggna (I. hluti), taki mið af hagnýtum en ekki bindandi leiðbeiningum, sem framkvæmdastjórninni er ætlað að semja skv. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 98/24/EB (tilskipun um efnafræðilega áhrifavalda), og öllum leiðbeiningum á sérstökum sviðum sem eru samdar á landsvísi og byggjast á þessum leiðbeiningum.

Að því er varðar UMHVERFI:

Fyrir metýlkrýlat sem er notað í fjölliðun með blautvinnslu á athafnasvæðum eftirnotenda (vinnslugeta > 5000 tonn á ári), er mælt með því:

- að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ihugi að setja metýlmetakrýlat á forgangsskrána í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB (rammatilskipun um vatn) næst þegar þessi viðauki verður endurskoðaður og ihugi ráðstafanir á borð við samræmdar kröfur varðandi fyrirframleyfi fyrir fráveitu og losun í vatn fyrir mismunandi iðjuver,
- til að auðvelda leyfisveitingu samkvæmt tilskipun 96/61/EB (samþættar mengunarvarmir og eftirlit með mengun), að þetta efni verði hluti af þeirri vinnu sem nú fer fram við samningu leiðbeininga um bestu fánlegu tækni. Mælt er með því að aðildarríkin fylgist vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni við leyfisveitingar og greini framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan rammans um miðlun upplýsinga um bestu fánlegu tækni,
- að staðbundin losun í umhverfið verði takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

10. HLUTI

CAS-nr. 108-88-3

EINECS-nr. 203-625-9

Byggingarformúla: $C_6H_5 - CH_3$

EINECS-heiti: tólúen

IUPAC-heiti: tólúen

Skýrslugjafi: Danmörk

Flokkun ⁽¹⁾: F:H11

Xn:H20

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið ⁽²⁾.

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem milliefni við smíði annarra íðefna, í leysa og lím, málningu og lökk og í jarðolíu-, eldsneytis- og fjöllíðiðnaði. Efnið er einnig notað í pappírseigs-, pappír- og pappaiðnaði, textíliðnaði, í tengslum við landbúnað og rafmagns- og rafeindaiðnaði.

Áhættumatið leiddi í ljós að menn og umhverfi geta orðið fyrir váhrifum vegna annarra upptaka efnisins, einkum frá notkun og brennslu jarðolíuafurða, sem tengjast ekki vistferli þess efnis sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn til þess. Mat á áhættunni í kjölfar þessara váhrifa er ekki hluti af þessu áhættumati. Í heildarskýrslum um áhættumat, sem skýrslugjafaraðildarríki hafa sent framkvæmdastjórninni, er hins vegar að finna upplýsingar sem geta nýst við mat á þessari áhættu.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg bráð eiturrhif vegna váhrifa í gegnum húð sem stafa frá sprautumálningu eða notkun líms,
- hugsanleg bráð eiturrhif (höfuðverkur, svimi, vímutilfinning, syfja og skert starfræn geta) vegna váhrifa við innöndun sem stafa frá framleiðslu og notkun efnisins sem milliefnis, framleiðslu vara sem innihalda efnið og notkun vara sem innihalda efnið,
- hugsanleg ertandi áhrif á augu vegna váhrifa sem stafa frá framleiðslu vara, sem innihalda efnið, og notkun þeirra í atvinnustarfsemi sem tengist þrifum með höndunum, notkun líms, prentiðnaði og málningarvinnu (húðun með vélum),
- hugsanleg eiturrhif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar váhrifa við innöndun sem stafa frá framleiðslu vara, sem innihalda efnið, og notkun þeirra í atvinnustarfsemi sem tengist þrifum með höndunum, notkun líms, prentiðnaði og málningarvinnu (húðun með vélum),

⁽¹⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/325/EBE frá 1. mars 1991 um tólfu aðlögun á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB L 180, 8.7.1991, bls. 1).

⁽²⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

- hugsanleg eiturrhif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar váhrifa í gegnum húð sem stafa frá notkun vara, sem innihalda efnið, í atvinnustarfsemi sem tengist þrifum með höndunum, notkun líms og sprautumálningu,
- hugsanleg eiturrhif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar váhrifa, bæði í gegnum húð og við innöndun sem stafa frá notkun vara, sem innihalda efnið, til málningarvinnu með höndunum,
- hugsanleg eiturrhif, sem ná til tiltekins líffæris (eiturrhif á heyrnarfæri), í kjölfar váhrifa við innöndun sem stafa frá framleiðslu vara, sem innihalda efnið, og notkun þeirra í atvinnustarfsemi sem tengist þrifum með höndunum, notkun líms, prentiðnaði og málningarvinnu (húðun með vélum),
- hugsanleg áhrif á frjósemi og þroskun og bráðafósturlát í kjölfar váhrifa við innöndun sem stafa frá framleiðslu vara, sem innihalda tólúen, og notkun þeirra í atvinnustarfsemi sem tengist þrifum með höndunum, notkun líms, prentiðnaði og málningarvinnu (húðun með vélum).

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

NEYTENDUR,

1. er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg bráð eiturrhif (höfuðverkur, svimi, vímutilfinning, syfja og skert starfræn geta) og ertandi áhrif á augu í kjölfar váhrifa við innöndun eða váhrifa á augu frá gufum sem stafa frá sprautumálningu og lagningu gólfteppa,

2. er sú að þörf er á frekari upplýsingum og/eða prófunum. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á æxlun í kjölfar váhrifa við innöndun.

Gerðar eru kröfur um eftirfarandi upplýsingar og/eða prófanir:

- upplýsingar um vensl milli mældra áhrifa á æxlun og tímalengd váhrifanna sem leiddu til þessara áhrifa.

Þörfin fyrir þessar upplýsingar var endurmetin með hliðsjón af áætluninni um að draga úr áhættu og þeirra er ekki lengur krafist (sjá II. lið í áætluninni um að draga úr áhættu).

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á menn vegna þess þáttar sem tólúen í verslunarvörum á i myndun ósons og annarra skaðlegra efna, þ.e. í myndun mengunarmóðu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið, að því er varðar:

VISTKERFI Í VATNI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á vistkerfi í vatni vegna váhrifa, sem stafa frá sumum stöðum þar sem efnið er framleitt eða bæði framleitt og unnið, svo og váhrifa frá atvinnustarfsemi þar sem grunnefni (þ.m.t. vinnsluhjálparefni, útdráttarefni og leysar) eru unnin og notuð, váhrifa frá vinnslu og samsetningu, frá jarðolíu- og eldsneytissamsetningu, fjölliðusamsetningu, málningarsamsetningu og textílvinnslu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VISTKERFI Á LANDI,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á vistkerfi á landi vegna váhrifa, sem stafa frá vinnslu, svo og váhrifa frá atvinnustarfsemi þar sem grunnefni (þ.m.t. vinnsluhjálparefni, útdráttarefni og leysar) eru unnin og notuð, váhrifa frá vinnslu og samsetningu, frá jarðolíu- og eldsneytissamsetningu, fjölliðusamsetningu, málningarsamsetningu og textílvinnslu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar:

ANDRÚMSLOFT,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanlegur þáttur sem tölúen í verslunaryöru á í myndun ósons og annarra skaðlegra efna, þ.e. til myndun mengunarmóðu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- — hugsanleg áhrif á skólphreinsistöðvar vegna váhrifa sem stafa frá vinnslu efnisins, svo og frá notkun efnisins sem grunnefnis í iðnaði.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Áhættumatið hefur leitt í ljós fleiri upptök tölúenlosunar (t.d. bensín og óhreinsuð olía). Þau falla utan gildissviðs reglugerðar (EBE) 793/93 og eru ekki með í áætluninni um að draga úr áhættu.

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi lögjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Innan þessa ramma er mælt með því:

- að vísindanefnd framkvæmdastjórnarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi endurskoði nýjar upplýsingar í áhættumatsskýrslunni og leggi fram tillæmi um hvort endurskoða þurfi gildandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi.

Að því er varðar NEYTENDUR:

Mælt er með því:

- að skoðað verði á vettvangi Bandalagsins hvort setja skuli takmarkanir samkvæmt tilskipun ráðsins 76/769/EBE á markaðssetningu og notkun tólúens sem efnis eða í efnablöndum sem eru notaðar í lím og sprautumálningu,
- að fyrirhugaðar takmarkanir á markaðssetningu og notkun útiloki þörfina á frekari upplýsingum um áhrif á æxlun í kjölfar váhrifa við innöndun.

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VÁHRIF Á UMHVERFI OG MENN GEGNUM UMHVERFIÐ:

Mælt er með því:

- að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ihugi að bæta tölúeni á forgangsskrána í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB (rammatilskipun um vatn) við næstu endurskoðun þess viðauka en að fram að því verði litið á tólúen sem efni sem eigi heima á lista II í tilskipun ráðsins 76/464/EBE⁽¹⁾ um mengun af völdum tiltekinnar hættulegra efna sem losuð eru í vatn í Bandalaginu en það útheimtir setningu innlendra gæðamarkmiða, vöktun og hugsanlegar takmarkandi ráðstafanir til að tryggja að styrkur í yfirborðsvatni fari ekki upp fyrir gæðamarkmið.

(¹) Stjóttíð. EB L 129, 18.5.1976, bls. 23.

- til að auðvelda leyfisveitingu samkvæmt tilskipun 96/61/EB (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun), að þetta efni verði hluti af þeirri vinnu sem nú fer fram við samningu leiðbeininga um bestu fánlegu tækni. Mælt er með því að aðildarríkin fylgist vandlega með beitingu bestu fánlegu tækni við leyfisveitingar og greini framkvæmdastjórninni frá öllum mikilvægum framförum innan rammans um miðlun upplýsinga um bestu fánlegu tækni,
- að staðbundin losun í umhverfið verði takmörkuð með innlendum reglum, ef nauðsyn krefur, til að tryggja að ekki þurfi að óttast áhættu fyrir umhverfið.

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar um að takmarka styrk leysa í tilteknum vörum drægi enn frekar úr áhættunni sem mönnum stafar af tólúeni gegnum umhverfið ⁽¹⁾.

11. HLUTI

CAS-nr. 120-82-1

EINECS-nr. 204-428-0

Byggingarformúla:	$C_6H_3Cl_3$
EINECS-heiti:	1,2,4-tríklórbensen
IUPAC-heiti:	1,2,4-tríklórbensen
Skýrslugjafi:	Danmörk
Flokkun (²):	Xn:H22
	Xi:H38
	N:50-53

Áhættumatið byggist á núverandi meðhöndlun efnisins, sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn í það, í tengslum við vistferil þess eins og lýst er í heildarskýrslu um áhættumat sem skýrslugjafaraðildarríkið hefur sent framkvæmdastjórninni um efnið (³).

Í áhættumatinu, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, er komist að þeirri niðurstöðu að í Evrópubandalaginu sé efnið aðallega notað sem milliefni í efnaíðnaði við smíði illgresiseyða og sem leysisefni í lokuðum kerfum. Efnið er einnig notað sem leysir, burðarefni í leysilutum í textíliðnaði, aukefni í einangrunarvökvum og sem tæringartálm. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um notkun alls þess magns efnisins sem er framleitt eða flutt inn í Evrópubandalagið og því kann að vera að áhættumatið taki ekki til allrar notkunar efnisins.

Áhættumatið leiddi í ljós að menn og umhverfi geta orðið fyrir váhrifum vegna annarra upptaka efnisins, einkum frá einangrunarvökvum með 1,2,4-tríklórbenseni, sem eru enn í notkun í fyrirliggjandi rafmagnsbúnaði, og frá myndun 1,2,4-tríklórbensens sem niðurbrotsefnis annarra og flóknari, lífrænna efnasambanda, sem tengjast ekki vistferli þess efnis sem er framleitt í Evrópubandalaginu eða flutt inn til þess. Mat á þeirri áhættu, sem stafar af þessum váhrifum, er ekki hluti af þessu áhættumati.

Í heildarskýrslum um áhættumat, sem skýrslugjafaraðildarríki hafa sent framkvæmdastjórninni, er hins vegar að finna upplýsingar sem geta nýst við mat á þessari áhættu.

Áhættumatið gefur til kynna að rannsaka beri nánar hvort skoða skuli efnið í tengslum við innlendar eða alþjóðlegar áætlanir sem beinast að þrávirkum, lífrænum mengunarefnum.

⁽¹⁾ Tillaga að tilskipun um takmörkun á losun rokkgjarna lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysisefna í málningu og lökk til skreytingar og í bilaviðgerðarlökk og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (COM(2002) 750, lokaútgáfa).

⁽²⁾ Flokkun efnisins er ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB frá 6. ágúst 2001 um tuttugustu og áttundu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB L 225, 21.8.2001, bls. 30).

⁽³⁾ Heildarskýrslu um áhættumat og samantekt úr henni má finna á vefsetri Evrópuskrifstofu íðefna: <http://ecb.jrc.it/existing-substances/>.

ÁHÆTTUMAT

A. Heilbrigði manna

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

STARFSMENN,

er sú að þörf er á frekari upplýsingum og/eða prófunum. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

— hugsanleg áhrif í kjölfar váhrifa.

Gerðar eru kröfur um eftirfarandi upplýsingar og/eða prófanir:

— upplýsingar um váhrif í starfi við notkun efnisins sem burðarefnis í leysilítum og sem leysiefnis í vinnsluferlum, við framleiðslu vara, sem innihalda efnið, í tengslum við framleiðslu einangrunarvökva og við notkun vara, sem innihalda efnið, í tengslum við framleiðslu rafþræða- og kapla.

Þörfin fyrir þessar upplýsingar var endurmetin með hliðsjón af áætluninni um að draga úr áhættu og þeirra er ekki lengur krafist (sjá II. lið í áætluninni um að draga úr áhættu).

er sú að þörf er á sértækum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

— hugsanleg eiturrif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar endurtekinna váhrifa við innöndun sem stafar frá starfsemi við áfyllingu og tæmingu á tunnum, sem fylgir framleiðslu efnisins, frá framleiðslu vara, sem innihalda efnið, í tengslum við framleiðslu fastlitarefna og frá notkun vara, sem innihalda efnið, til sprautumálingar,

— hugsanleg, ertandi áhrif á augu og í öndunarvegi í kjölfar endurtekinna váhrifa frá gufum efnisins sem stafa frá framleiðslu vara, sem innihalda efnið, í tengslum við framleiðslu fastlitarefna og frá notkun vara, sem innihalda efnið, í tengslum við framleiðslu plastköggla,

— hugsanleg eiturrif, sem ná til alls líkamans, og staðbundin verkun á húð vegna endurtekinna váhrifa í gegnum húð sem stafa frá notkun vara, sem innihalda efnið, í atvinnustarfsemi sem tengist sprautumálingu, sundurhlutun spennubreyta og bónvinnu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

NEYTENDUR,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

— hugsanleg ertandi áhrif á augu og öndunarveg í kjölfar endurtekinna váhrifa frá gufum og hugsanleg eiturrif, sem ná til alls líkamans, í kjölfar endurtekinna váhrifa við innöndun og í gegnum húð sem stafa frá sprautumálingu og bílabóni.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

VÁHRIF Á MENN GEGNUM UMHVERFIÐ,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

— hugsanleg, óbein váhrif þar eð útreiknuð váhrif geta í sviðsmyndum af staðbundnum váhrifum farið fram úr þolanlegum dagskammti (TDI) sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin tilgreinir og leiðbeiningargildum hennar fyrir neysluvatn.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

HEILBRIGÐI MANNA (eðlisefnafræðilegir eiginleikar),

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

— að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

B. Umhverfi

Niðurstaða mats á áhættu fyrir umhverfið að því er varðar:

VISTKERFI Í VATNI OG Á LANDI, er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á vistkerfi í vatni og á landi vegna váhrifa sem stafa frá notkun efnisins sem burðarefnis í leysilit og frá annarri notkun þess (þ.m.t. sem leysiefnis í vinnsluferlum, aukefnis í einangrunarvökvum og sem tæringartálma).

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ANDRÚMSLOFT,

er sú að sem sakir standa er ekki þörf á frekari upplýsingum og/eða prófunum eða öðrum ráðstöfunum til að draga úr áhættu en þeim sem þegar er beitt. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- að áhættumatið leiðir í ljós að ekki er búist við því að efnið hafi áhættu í för með sér. Talið er að þegar sé beitt fullnægjandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

Niðurstaða áhættumats, að því er varðar

ÖRVERUR Í SKÓLPHREINSUNARSTÖÐVUM,

er sú að þörf er á sérstökum ráðstöfunum til að takmarka áhættuna. Ástæðan fyrir því að komist er að þessari niðurstöðu er:

- hugsanleg áhrif á skólphreinsistöðvar vegna váhrifa sem stafa frá notkun efnisins sem milliefnis, svo og frá notkun efnisins sem leysis í grunnefnaðnaði, sem burðarefnis í leysilit í textílaðnaði og önnur eftirnotkun.

ÁÆTLUN UM AÐ TAKMARKA ÁHÆTTU

Að því er varðar STARFSMENN:

Núgildandi löggjöf um vernd starfsmanna í Bandalaginu og einkum ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB⁽¹⁾ um gerð fyrstu skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif, er almennt talin nægja sem rammi til að takmarka áhættuna af efninu að því marki sem þörf er á og gildir hún.

Takmarkanir á markaðssetningu og notkun, sem gerð er tillaga um með vernd umhverfisins fyrir augum, draga einnig úr áhættu fyrir heilbrigði manna (starfsmanna) og eyða þörfinni á frekari upplýsingum um sviðsmyndir af váhrifum í starfi.

AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VÁHRIF Á NEYTENDUR, UMHVERFI OG AÐRA MENN GEGNUM UMHVERFIÐ:

Mælt er með því:

- að íhugað verði á vettvangi Bandalagsins að setja takmarkanir í tilskipun 76/769/EBE á markaðssetningu og notkun, að því er varðar alla notkun triklórbensens nema sem milliefnis, til að vernda umhverfið og draga úr óbeinum váhrifum gegnum umhverfið. Eftir því sem við á skal einnig íhuga að setja takmarkanir á markaðssetningu og notkun vara sem innihalda triklórbensen.

⁽¹⁾ Stjóttíð. EBL 142, 16.6.2000, bls. 47.